SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, fimmtudaginn 12. júní var haldinn 428. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl. 15:30. Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Bjarni T. Bjarnason Garðabæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði og Valdimar Birgisson Mosfellsbæ.
Jafnframt: Einar Bjarnason, Atli Steinn Árnason og Magnús Árnason sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á Hjólagarði í Reykjadal og tækifærum tengt hjóla og gönguskíðun á höfuðborgarsvæðinu og á skíðasvæðunum.

   Magne Kvam hjá Icebikes og Sporinu tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

   Samstarfsnefndin lagði fram svohljóðandi bókun:

   > Samstarfsnefndin þakkar fyrir góða og upplýsandi kynningu á hjólaleiðum og öðrum útivistartækifærum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni.

2. Lögð fram sundurliðuð viðhalds- og fjárfestingaráætlun fyrir Bláfjöll árið 2025.

   Samstarfsnefndin lagði fram svohljóðandi bókun:

   > Samstarfsnefndin styður þær tillögur sem koma fram í áætluninni en kominn er tími á uppsafnað viðhald skíðasvæðisins samhliða nauðsynlegri fjárfestingu sem tryggir öryggi og bætir upplifun gesta á svæðinu.

3. Fram fer umræða um gerð þjónustukannanar á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

   Samstarfsnefndin lagði fram svohljóðandi bókun:

   > Samstarfsnefndin er einhuga um að farið verði í þjónustukönnun til að kanna hug fólks til uppbyggingar í Bláfjöllum þegar komin er tveggja ára reynsla á nýju aðstöðuna. Er óskað eftir kynningu í haust.

Fundi slitið kl. 17:26

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Bjarni Theódór Bjarnason
Kristín Thoroddsen
Magnús Örn Guðmundsson
Valdimar Birgisson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026